

Morgunblaðið óskar eftir blaðburðarfólki

Miðbær:
Austurbær:
Hverfisgata 63—125.
Skipholt 54—70

Vesturbær:
Hávallagata

Úthverfi:
Breiðagerði

Uppl. í síma 35408

Morgunblaðið


Heimsþekktir grafíklistamenn sýna á Kjarvalsstöðum

— dýrasta myndin kostar 5 milljónir króna

GRAFÍKSÝNING með um sjötíu myndum eftir þrjátíu erlenda listamenn, þar á meðal Picasso, Chagall, Dali og Miro, verður opnuð á Kjarvalsstöðum á morgun klukkan 14.00.

Hér er um að ræða sölusýningu sem fyrirtækið Myndkynning stendur fyrir, en framkvæmdastjóri þess, Konráð Axelsson, sagði í samtali við Mbl. að um væri að ræða mjög fjölbreytt verk og væri verðið á dýrustu myndinni um 5 milljónir króna. Myndin er eftir Chagall.

Þetta er fjórða grafíksýningin sem Myndkynning setur upp á Kjarvalsstöðum á jafn mörgum árum. Þær hafa yfirleitt verið blanda margra listamanna nema í fyrra þegar eingöngu voru til sölu verk eftir Dali.



Konráð Axelsson við eitt verka Picassos. Ljósmynd Mbl. Emilía.

Niðurstöður könnunar Sementsverksmiðjunnar:

Íblöndun kísilvirkra efna gefur sementi góða vörn gegn alkaliþenslu

NIÐURSTÖÐUR rannsókna sem Sementsverksmiðja ríkisins hefur látið framkvæma á sementi á s.l. tólf árum sýna, að íblöndun fínmalaðra kísilvirkra efna svo sem líparíts, vikurs og fleiri gefa sementinu góða vörn gegn alkaliþenslu þannig að öruggt var talið, að nota íslenzka sementið íblandað fínmöluðu líparíti í stórvirkjanir eins og Sigöldu og Hrauneyjafossvirkjun. Með íblöndun náttúruefna eins og t.d. líparíts fékkst aftur á móti ekki sú aukning á styrkleika sem leitað var eftir.

Áframhaldandi rannsóknir leiddu síðan í ljós, að fínkornað kísilryk, sem til fellur í járnblendiverksmiðjum sýndi mjög góða vörn gegn alkalivirkni eða u.þ.b. tvöfalt meiri áhrif en líparít. Þar að auki kom í ljós, að þetta sement jók 7 til 28 daga styrkleika sementsins um 20—25%. Þar með virtust uppfyllt þau markmið sem sett höfðu verið.

Járnblendiverksmiðjan á Grundartanga hóf s.l. sumar framleiðslu á kísiljárni og þar munu falla til um 10 þúsund tonn af kísilríku ryki á ári. Sementsverksmiðjan hóf því framleiðslu á sementi blönduðu með kísilryki frá Grundartanga um svipað leyti. Þetta sement hefur sýnt svipaða eiginleika og gæði og rannsóknir leiddu í ljós og hefur sementið nú fengið þann gæðastimpil bæði frá innlendum svo og erlendum rannsóknarstofum, að það sé af bezta gæðaflokki. Sementsverksmiðjan á Akranesi mun vera eina verksmiðjan sinnar tegundar sem nýtir járnblendiryk á þennan hátt í framleiðslu sinni.

Brennsla og framleiðsla sementsgjalls hefur gengið mjög vel í ár og hafa þegar verið framleidd um 90.000 tonn. Stefnir árið í það að vera eitt bezta framleiðsluár verksmiðjunnar. Nokkur samdráttur hefur aftur á móti orðið í sölu sements frá því sem verið hefur síðustu ár. Hafa þegar selst tæp 120.000 tonn á móti um 125.000 tonnum árið 1978. Hefur af þessum sökum og vegna mikillar eigin gjallframleiðslu ekki verið þörf á innflutningi erlends gjalls og er áætlað að ekki verði flutt inn gjall fyrr en næsta sumar og er þá miðað við meðalsölu.

Hinar miklu olíuhækkanir á síðustu mánuðum hafa skapað mikla fjárhagslega erfiðleika í rekstri verksmiðjunnar enda hefur ekki fengist hækkun á sementi frá 1. maí s.l. Olían hefur þrefaldast í verði á einu ári og væntanleg er ný olíuhækkun bráðlega. Nemur olíuhækkunin um 500 milljónum króna á ársgrundvelli. Hefir Sementsverksmiðjan því hafið athugun á möguleikum á brennslu kola í stað olíu, þar sem kolaverð er verulega lægra en olíuverð.

Full búð af nýjum vörum

Einlit dralon damask efni, 16 litir.
Gluggatjaldavelour, 15 litir.
Blúndustóresar og ísaumaðir stóresar í úrvali, pífugluggatjöld.
Alls konar kögur og leggingar.


Til jólagjafa

Okkar viðurkenndu dralon dúkaefni, jóladúkar frágengnir, kringlóttir „löberar" í metramáli, millistykki í jólagluggatjöld, baðmottusett, rúmteppi, frotte, acryl og rúff.
Leggjum áherslu á vöruval og hagstætt verð.

Póstsendum um land allt.

ÁKLÆÐI & GLUGGATJÖLD
SKIPHOLTI 17A. SÍMI 12323

JÓLA-ELDHÚSGLUGGATJÖLD



JÓLABORÐDÚKAR



ÁKLÆÐI & GLUGGATJÖLD
SKIPHOLTI 17A. SÍMI 12323

AUGLÝSINGASÍMINN ER: 22480 Morgunblaðið